

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hellu

Garðabær, 30. október 2025
202510-0021/Á.G.
08.01

Efni: Umsögn – Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra - Tungnaáreyrar og Ferjufit efnistökusvæði.

Vísað er til erindis Rangárþings ytra er barst 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra á Tungnaáeyrum og Ferjufit - 1382/2025.

Í greinargerð kemur fram að um sé að ræða skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2028. Með breytingunni er gert ráð fyrir stækkun á núverandi efnistökusvæði E70 í Tungnaáeyrum úr 2,5 ha yfir í allt að 7,5 ha (L229508), þar sem heimiluð efnistaka eykst úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³. Einnig er fyrirhugað að stækka efnistökusvæði E122 við Ferjufit á Þjórsáeyrum, úr 2,0 ha í allt að 5 ha (L238022), þar sem heimiluð efnistaka eykst úr 10.000 m³ í allt að 120.000 m³. Með breytingunni kemur Landsvirkjun til með að hafa meira svigrúm fyrir efnistöku vegna núverandi, fyrirhugaðra og áframhaldandi reksturs og framkvæmda við t.d. Vaðöldu, Sigöldu, Sultartanga og/eða Búrfell.

Vistgerðir og fuglavernd

Á skipulagssvæðinu má finna vistgerðir sem hafa verndargildi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands¹. Þar á meðal eru Hélumosavist (L5.1) og Rekjuvist (L8.2). Hið fyrrnefnda er lýst sem allvel grónu landi, flatt til hallandi, þurrt til deigt, sums staðar nokkuð grýtt með mikilli lífrænni jarðvegsskán sem að uppistöðu er hélumosi. Fuglalíf er fremur rýrt í vistgerðinni en einkennisfuglar eru þó heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) og snjótittlingur (*Plectrophenax nivalis*), einnig sandlóa (*Charadrius hiaticula*), sendlingur (*Calidris maritima*) og rjúpa (*Lagopus mutus*).² Rekjuvist er lýst sem er allvel grónu, rakt og hallalítið, mosaríku landi til heiða og fjalla, oft með smálækjum og bleytum, mýragróður er í lægðum en mólendisplöntur á þurrari rimum og þúfum. Töluvert fuglalíf, algengustu varpfuglar eru heiðlóa, lóupræll (*Calidris alpina*), heiðagæs (*Anser barachyrhynchus*) og sendlingur.³ Báðar vistgerðirnar hafa miððlungs verndargildi en þær eru báðar á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda fugla, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings.⁴ Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun gætu

¹ Náttúrufræðistofnun – Vistgerðarkort

² <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/helumosavist>

³ <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/rekjuvist>

⁴ Aldís E.P., Böðvar Þ. og Tómas G.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, bls. 1-13.

Þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.⁵ Náttúruverndarstofnun bendir á að heiðlóa og lóupræll eru ábyrgðartegundir Íslands⁶ þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofninum verpir hér á landi. Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun uppfærði válista fyrir stöðu fuglategunda árið 2025⁷, en síðasti válisti hafði verið birtur árið 2018. Líkt og segir hér að ofan hafa mófuglar átt undir högg að sækja síðustu ár og voru flestar tegundir þeirra færðar um einn eða tvo flokka í nýrri uppfærslu válistans. Heiðlóa, spói og lóupræll færðust um tvo flokka, úr því að vera metnar ekki í hættu árið 2018 yfir í að vera metnar í nokkurri hættu árið 2025. Helsta hættan sem steðjar að þeim er búsvæðaeýðing, en þó stofnar þeirra telji enn marga einstaklinga hafa þeir minnkað um allt að 30-40% á síðustu 10-15 árum. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópustofnanna verpur hér á landi. Því er nauðsynlegt að athuga stöðu þessara tegunda á framkvæmdasvæðum sem eru algeng búsvæði þeirra og almenn þörf á því að draga úr frekara álagi á búsvæði þeirra til að stemma stigu við þessari hnignun.

Líffræðilegur fjölbreytileiki – Bleikja í Tungnaá.

Náttúruverndarstofnun tekur undir athugasemdir Fiskistofu varðandi bleikjustofninn í Tungnaá og bendir á stefnu stjórnvalda varðandi líffræðilegan fjölbreytileika í þeim efnunum⁸. Þar kemur fram áhersla á að líffræðileg fjölbreytni verði samþætt í alla ákvarðanatöku með vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Það krefst virkrar þátttöku sveitarfélaga – sem geta með markvissri stefnumótun og samstarfi við náttúrustofur tryggt að nýting og vernd fari saman.

Kort í skýrslu

Kort sem sýna staðsetningu efnistökusvæðanna E122 á Tungnaáeyrum og E70 við Ferjufit eru alls ekki nægilega góð til þess að átta sig fljótt og vel á svæðinu sem um ræðir. Engin örnefni, hnit, skali né norðurpíla er til staðar.

Fornminjar

Skráningin sem er nefnd í skýrslunni nær ekki til efnistökusvæðisins við Tungnaáeyrum E70.

Virðingarfyllt,

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur

Axel Benediktsson

teymisstjóri

⁵ Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi – Mófuglar

⁶ Náttúrufræðistofnun – Forgangstegundir fugla

⁷ Náttúrufræðistofnun – Válisti fugla 2025

⁸ <https://island.is/reglugerdir/nr/0090-2013>